**Kennsluáætlun í jarðfræði fyrir 4. bekk** **Vor 2025**

**Kennsluefni**: efni frá kennara birt í Innu

| Kaflar | Helstu atriði | Helstu námsmarkmið | Verkefni |
|---|---|---|---|
| 1. Steindir<br><br>**Vika 2-3** | Frumsteindir og holufyllingar | Þekkja algengustu frum-steindir og holufyllingar.<br>Gera sér grein fyrir myndun þeirra | Verkefni úr kaflanum |
| 2. Berg<br><br>**Vika 4-5** | Storkuberg<br><br>Gosberg og djúpberg<br><br>Innskotsberg og gos-bergsmyndanir | Gera sér grein fyrir innri og ytri ein-kennum storkubergs.<br>Þekkja helstu gerðir af gosbergi og djúpbergi.<br>Þekkja helstu innskotsmyndanir og gosbergsmyndanir. Gera sér grein fyrir flokkun gosbergsmyndana í gjósku og föst gosefni. | Verklegt: greina sýni<br><br>Verkefni úr kaflanum |
| 3. Íslenskar eldstöðvar<br><br>**Vika 6-7** | Basalteldstöðvar og megineldstöðvar<br><br>Gos undir jökli/í vatni | Að þekkja flokkun íslenskra eld-stöðva í basalt- og megineldstöðvar og á hverju flokkunin byggir þ.e. kvikugerð og mismunandi eldvirkni.<br>Þekkja það ferli sem á sér stað þegar gos verður undir jökli eða í vatni/sjó. | Verkefni úr kaflanum<br><br>Mynd |
| 4. Jarðhiti<br><br>**Vika 8** | Lekt<br>Lág- og háhitasvæði<br><br>Nýting jarðhita | Vita hvað skilur að lág- og há-hitasvæði og þekkja muninn á milli svæðanna. Að geta tengt jarð-hitann við eldvirknina og gera sér grein fyrir því hvernig við nýtum jarðhitann. | Verkefni úr kaflanum<br><br>**Próf úr 1-4. kafla** |
| 5. Jarðskjálftar<br><br>**Vika 9** | Stærð skjálfta<br>Skjálftabylgjur<br>Misgengi<br><br>Jarðskjálftasvæði | Gera sér grein fyrir stærð skjálfta og um hverskonar skjálftabylgjur er að ræða. Þekkja helstu gerðir misgengja.<br>Vita hvar helstu jarðskjáftasvæði jarðar liggja og hversvegna. | Verkefni úr kaflanum<br><br>Mynd |
| 6. Höggun<br><br>**Vika 10** | Innri gerð jarðar<br><br>Flekakenningin<br><br>Mörk flekanna<br><br>Landrekskenningin | Gera sér grein fyrir innri skiptingu jarðar í kjarna, möttul og jarðskorpu.<br>Þekkja flekakenninguna sem skýrir hreyfingar jarðskorpunnar og hvernig jarðskorpan skiptist upp í fleka við annað hvort flekamót eða flekaskil.<br>Geta rakið landrekskenninguna. | Verkefni úr kaflanum |
| 7. Veðrun og rof<br><br>**Vika 11** | Veðrun og rof<br><br>Vindsvörfun<br><br>Uppblástur og rofabörð | Geta skilgreint veðrun og rof.<br>Þekkja muninn á efnaveðrun og frostveðrun<br>Þekkja rofmátt vindsins og hvernig hann tekur þátt í svörfun yfirborðs jarðar.<br>Gera sér grein fyrir ferli uppblásturs hérlendis fram á okkar daga - rofabörð. | Verkefni úr kaflanum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 8. Set<br><br><br><br>**Vika 12** | Molaberg, efnaset og lífrænt set<br><br>Laus jarðlög (jarðvegur)<br>Frostverkanir | Gera sér grein fyrir skiptingu setbergs eftir myndunarhætti í molaberg efnaset og lífrænt set. Þekkja dæmi.<br>Þekkja skiptingu á jarðvegi í þrjú lög.<br>Þekkja hinar ýmsu frostverkanir. | Verkefni úr kaflanum<br><br>**Próf úr 5-8. kafla** |
| 9. Vatn<br><br><br><br><br><br><br><br><br><br><br>**Vika 13-14** | Grunnvatn<br><br>Grunnvatn á Íslandi<br><br>Íslensk vatnsföll<br><br><br>Landmótun og set<br><br><br><br>Stöðuvötn | Geta skilgreint grunnvatn, grunnvatns-flöt og jarðrakasvæði<br>Gera sér grein fyrir legu grunnvatns-svæða á Íslandi - blágrýti/kvartersvæði.<br>Gera sér grein fyrir flokkun íslenskra vatnsfalla í lindár, dragár og jökulár - þekkja dæmi.<br>Gera sér grein fyrir svörfun vatns á landslagi - landmótun.<br>Þekkja þróun á farvegum vatnsfalla - bugður og einkennum vatnasets.<br>Þekkja flokkun íslenskra stöðuvatna. | Verkefni úr kaflanum |
| 10. Jöklar<br><br><br><br><br>**Vika 15** | Gerðir jökla<br><br>Jökulsprungur<br><br>Landmótun og setmyndun jökla | Þekkja helstu gerðir jökla hérlendis - og flokkun þeirra eftir legu og útliti.<br>Gera sér grein fyrir gerðum sprungna í í jöklum.<br>Þekkja til landmótunar og setmyndunar í jökulrænu umhverfi. | Verkefni úr kaflanum<br><br>Mynd |
| 11. Jarðsaga Íslands<br><br><br><br><br><br><br><br><br><br><br>**Vika 17-18** | Blágrýtismyndun og kvartermyndun/ísöld<br><br><br><br><br><br><br><br><br>Síðjökultími og nútími | Blágrýtismyndunin (tertíer) - þekkja til eldvirkni, megineldstöðva, ummynd-unar og millilaga.<br>Gera sér grein fyrir loftslagi á tertíer og flóru/fánu hérlendis.<br>Gera sér grein fyrir aðstæðum á ísöld geta borið saman við tertíer. Þekkja helstu einkenni jarðlaga á ísöld og geta nefnt dæmi.<br>Gera sér grein fyrir því sem er að gerast á síðjökultíma - sjávarstöðubreytingar.<br>Þekkja skiptingu skeiða innan nútíma. | Verkefni unnið í tíma úr öllum köflunum |

**Kennsluhættir:** sex 40 mínútna kennslustundir á viku

**Námseinkunn** vegur 50% af lokaeinkunn í jarðfræði í 4. bekk og reiknast á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| Kaflapróf | 50% |
| Verkefni | 30% |
| Mat kennara | 20% |

**Stúdentseinkunn** (lokapróf) vegur 50% af lokaeinkunn. Með fyrirvara um breytingar.

Gangi þér vel, Ólöf og Ingibjörg